

SKÓGARVÖRÐURINN Á NORÐURLANDI

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ 1988.

Sigurður Skúlason

## 1. V E D U R F A R Á R S I N S.

### 1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Í janúar voru breytilegar vindáttir, þó voru austlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 7,0 stig þann 16. janúar. Lágmarkshiti mældist -24,9 stig þann 5. s.m. Meðalsnjódýpt var 44 cm. mest 60 cm. þann 12. janúar. Sól sást fyrst þann 5. janúar.

Í febrúar voru norðanátt og suðlægar áttir mest ríkjandi, þó að vindáttir væru breytilegar. Hámarkshiti mældist 8,1 stig þann 24. febrúar. Lágmarkshiti mældist -15,5 stig þann 13. s.m. Meðalsnjódýpt var 66 cm. mest 73 cm. dagana 7. 8. og 9. febrúar.

Í mars voru sunnan og suðvestanáttir oftast ríkjandi, þó að norðanátt væri oft þennan mánuð. Hámarkshiti var 8,1 stig þann 8. mars. Lágmarkshiti mældist -16,6 stig þann 13. s.m. Meðalsnjódýpt var 48 cm. mest 52 cm. þann 31. mars.

Í apríl var norðanátt tíðust. Hámarkshiti var 13,1 stig þann 26. apríl. Lágmarkshiti mældist -16,8 stig þann 8. s.m. Meðalsnjódýpt var 68 cm. mest 98 cm. dagana 16. og 17. apríl.

Í maí voru sunnan og norðanáttir tíðastar. Hámarkshiti var 19,7 stig þann 14. maí. Lágmarkshiti -8,6 stig þann 1. maí. Brum á birki og lerki byrjar að þrútna þann 15. maí og kominn grænn litur á það þann 28. maí.

Í júní var suðvestanátt tíðust. Hámarkshiti var 24,7 stig þann 10. júní. Lágmarkshiti mældist 0,2 stig þann 3. júní. Frost mældist fjórum sinnum. Á lágmarksmæli við jörð mældist mest -2,5 stig þann 5. júní. Mikill vöxtur hljóp í læki og ár þ.m.t. Fnjóská þann 10. júní. Lerki alútsprungið þann 5. júní og birki allaufgað þann 8. júní. Úthagi talinn algrænn þann 11. júní. Mjög hvasst var og mikið moldrok dagana 17. og 18. júní.

Í júlí voru breytilegar áttir, þó norðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 23,2 stig þann 6. júlí. Lágmarkshiti mældist 0,2 stig þann 4. s.m. Sláttur hófist í Fnjóskadal þann 5. júlí. Frost mældist einu sinni á lágmarksmæli við jörð -1,8 stig þann 4. júlí.

Í ágúst voru norðlægar og austlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 20,5 stig þann 4. ágúst. Lágmarkshiti mældist 2,5 stig þann 21. s.m. Þann 12. ágúst fór að bera á sölnun á einstaka grein á birki. Haustlitir orðnir áberandi á birkiskógi þann 31. ágúst.

Í september voru norðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 17,9 stig dagana 14. og 15. sept. Lágmarkshiti mældist -6,4 stig þann 30. sept. Frost mældist 6 sinnum á lágmarksmælir við jörð í september, mest -8,3 stig þann 30. september. Gránaði í fjöll þann 12. september. Snjór mældist í 7 daga í sept. mest 20 cm. dagana 26. og 27. sept. Birki lauflaust að mestu þann 27. sept., en lerki að mestu grænt enn.

í október voru suðlægar og austlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 10,9 stig þann 20. okt. Lágmarkshiti mældist -11,7 stig þann 9. okt. Snjór mældist í 20 daga í október, mest 30 cm. þann 8. okt. Lerki talið algult 14. okt.

í nóvember voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 10,0 stig þann 24. nóvember. Lágmarkshiti mældist -13,5 stig þann 17. nóvember. Snjódýpt mældist mest 7 cm. dagana 20. og 21. nóvember. Snjór mældist í 17 daga í nóvember.

í desember voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 11,4 stig þann 14. desember. Lágmarkshiti mældist -21,2 stig þann 25. desember. Mesta snjódýpt mældist 44 cm. þann 26. desember. Snjór mældist ekki í 7 daga í desember.

### 1.2 Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1988.

	Meðalhiti C		Úrkoma mm.	
Janúar	-6.52	( 0.55)	83.1	( 8.5)
Febrúar	-4.27	( -2.67)	56.8	( 43.6)
Mars	-4.12	( -1.63)	32.4	( 33.5)
Apríl	-3.22	( 2.18)	74.2	( 56.6)
Mai	5.61	( 7.34)	21.8	( 5.3)
Júní	10.16	( 8.77)	18.1	( 30.6)
Júlí	9.64	( 11.06)	62.3	( 56.0)
Agúst	9.70	( 9.03)	77.1	( 14.7)
September	5.34	( 5.53)	112.9	( 99.7)
Október	0.97	( 0.20)	72.0	(118.2)
Nóvember	-0.31	( 2.44)	42.7	( 53.7)
Desember	-2.52	( 0.36)	63.1	( 67.9)
Árið	1.70	( 3.53)	716.5	(588.3)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1987.

#### 1.2.1 Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 8.7 stig, en var 8.6 stig sömu mánuði 1987.

#### 1.3 Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

10.5.	-0.4 stig	26.5.	-1.1 stig
16.5.	-4.4 "	27.5.	-0.4 "
17.5.	-7.7 "	2.6.	-2.2 "
18.5.	-7.9 "	3.6.	-2.5 "
19.5.	-5.0 "	23.6.	-1.1 "
20.5.	-2.4 "	28.6.	-1.1 "
24.5.	-1.3 "	4.7.	-1.8 "
25.5.	-3.1 "	13.9.	-2.7 "

#### 1.4 Tafla yfir hámarkshita yfir 20 stig.

9.6.	20.0 stig	6.7.	23.2 stig
10.6.	24.7 "	7.7.	21.2 "
5.7.	22.6 "	4.8.	20.5 "

Mesta frost 1988 mældist 5. janúar -24.9 stig

## 2. VÖXTUR OG PRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1 Laufeun og lauffall.

Brum á lerki og birki byrjaði að þrútna 15. maí og komið með grænan lit 28. maí og lerki var alútsprungið 5. júní en birki 8. júní.

Þann 12. ágúst fór að bera á sölnun á birki að Vöglum og haustlitir orðnir áberandi á birki í lok ágústmánaðar og var orðið lauflaust að mestu þann 27. september.

Lerki fór að gulna í lok september og orðið algult um 14. okt.

### 2.2 Vöxtur.

Vöxtur var víðast hvar í góðu meðallagi á trjágróðri. Þó tel ég vöxt á bartrjám ívið meiri.

### 2.3 Fræfall.

Fræ var ekki mikið á trjám í umdæminu þetta ár. Þó var þetta nokkuð misjafnt eftir stöðum.

Birkifræ var ekki það mikið að því væri safnað, þó var safnað lítilsháttar í Reykjahól í Skagafirði, af skólabörnum, og var það fræ sent að Mógilsá.

Svolítið bar á könglum á stafafuru og rauðgreni, en það var ekki talið proskað.

### 2.4 Skaðar.

Lítið bar á skaða á trjágróðri í umdæminu þetta ár. Þó bar nokkuð á könguling á greni, þá helst á Eyjafjarðarsvæðinu, þó að hann finnist víðar.

## 3. STARFSFÓLK.

Starfsfólk var að mestu leyti það sama og síðasta ár. Ráðskonur voru tvær þetta sumar, Auður Gunnarsdóttir frá Keflavík var í júní og júlí, en Sigurlína Jónsdóttir frá Akureyri í ágúst. Ekki tókst að fá ráðskonu úr sveitinni þetta ár. Verkstjórnar voru eins og áður Guðni P. Annþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Annað fastráðið fólk var það sama og síðasta ár. Sumarfólk var í lágmarki, og háði það starfseminni mikið, sérstaklega fyrri hluta sumars. Flest var starfsfólk líðlega 20 manns við störf í umdæminu í einu.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 10.531.349, sem skiptist þannig: BSRB laun kr. 1.312.678, dagpeningar kr. 73.095, akstur kr. 183.701, ASÍ laun kr. 8.961.875.

Annór Snorrason, áætlunarfulltrúi og Þór Þorfinnsson héldu til á Vöglum þann tíma sem þeir voru að vinna í Eyjafirði og S-Þing.

#### 4. G I R D I N G A R.

##### 4.1 Viðhald.

Viðhald á girðingum var svipað og undanfarandi ár. Aðeins var gert við það alnauðsynlegasta. Mest var viðhaldið á Þórðarstaðargirðingu, á þeim hluta hennar sem hægt var að gera við, því hún er fallin á fjallinu og efst á göflum að norðan og sunnan.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 159.521, samtals 432 vinnustundir. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 158.935, samtals 407 vinnustundir, þar af mest vegna Þórðarstaðagirðingar kr. 121.548, samtals 301 vinnustundir.

í Þórðarstaðagirðingu fóru 35 staurar, 6 fet, fúavarðir.

í Stórhöfðagirðingu og Skuggabjörg fóru 30 staurar, 6 fet, fúavarðir.

í Sigríðarstaðagirðingu fóru 44 staurar, 6 fet, fúavarðir.

í Kristnesgirðingu fóru 10 staurar, 6 fet, fúavarðir.

í Vaglaskóagarsgirðingu fóru 30 staurar, 6 fet, fúavarðir.

í Sandhaugagirðingu fóru 40 staurar, 6 fet, fúavarðir og 200 metrar af notuðu virneti.

í Vagli á Pelamörk fóru í viðhald 30 staurar, 6 fet, fúavarðir og í endurgirðingu 30 staurar, 6 fet, fúavarðir og 2 rúllur af gaddavír.

##### 4.2 Nýgirðingar.

Engar nýgirðingar voru girtar þetta ár nema endurgirtur var 230 metra kafli í girðingu á Vöglum á Pelamörk vegna vegaframkvæmda. Kostnaður við hann var kr. 32.887, samtals 86 vinnustundir. Vegagerð ríkisins mun greiða hluta af þeim kostnaði fyrri hluta árs 1989.

#### 5. S K Ó G A R H Ö G G.

##### 5.1 Viður.

Skógarhöggið fór fram að mestu leyti í Þórðarstaðaskógi, Stórhöfðaskógi og lítilsháttar í Vaglaskógi.

Felldur viður:

Birki	ca. 60	tonn
Lerki	ca. 1	"
Fura	ca. 0,5	"
<u>Samtals</u>	<u>61,5</u>	<u>tonn</u>

##### 5.1.1 Sala girðingarstaura.

Seldir voru 50 stk. af 6 feta staurum.

##### 5.1.2 Viðarsala.

Arinviður	2.842	pk.
Smíðaviður, birki	261	m.
Smíðaviður, lerki	14	cb.
Reykingarviður	3.660	kg.
Birkikurl	1.200	kg.
Plattar	2.155	stk.

5.1.3 Birgðir í árslok.

Staurar, 5 fet fúavarið	285 stk.
Staurar, 6 fet fúavarið	116 stk.
Birkikurl	1.760 kg.
Arinviður, unnið (634 pk)	12.680 kg.
Arinviður, óunnið (214 pk)	4.280 kg.
Plattar	1.183 stk.

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2.104 .  
Laun og launatengd gjöld kr. 856.596.

5.2 Jólatré.

Jólatré voru felld 7/10 - 19/12 1988. Alls voru felld 1.420 tré á eftirtöldum stöðum:

	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Samtals</u>
Vaglin Pelamörk	2				2
Pórðarstaðaskógur	412	29		21	462
Fellsskógur	189		273	29	491
Vaglaskógur	19	83	2	1	105
Sigríðarstaðask.	258				258
Reykjahóll		85			85
Kristnes	1				1
Ásbyrgi	16				16
<b>Alls</b>	<b>897</b>	<b>197</b>	<b>275</b>	<b>51</b>	<b>1.420</b>

Keyptir voru 33 Norðmannspínir, sem allir seldust. Auk þess voru keyptar 49 stafafurur frá Skógræktarfélagi S-Ping. Af felldum trjám og aðkeyptum, seldust 1.450 stk. Önnur fóru til starfsmanna og í frákast v/galla.

Seld tré:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Norðm.p.</u>	<u>Samtals</u>
70-100	71	31	14	52		168
101-125	266	91	20	108	10	495
126-150	290	86	25	71	15	487
151-175	170	27	8	13	8	226
176-200	36	3	2	5		46
201-250	7					7
251-300	9		1			10
301-400	7					7
401-500	2					2
501-600	1					1
601-700	1					1
<b>Alls</b>	<b>860</b>	<b>238</b>	<b>70</b>	<b>249</b>	<b>33</b>	<b>1.450</b>

Söluferðir voru farnar til Dalvíkur/Ólafsfjarðar og í Mývatnsveit. Sölu á Húsavík tók Útimarkaðurinn á Húsavík að sér. Laun og launatengd gjöld v/töku, flokkunar og sölu á jólatrjám og greinum var kr. 439.128. Annar kostnaður var kr. 31.359. Alls kr. 470.487.

Tekiur skiptust banna:

	Sala	Aðkevjet	Mismunur
Jólatré	1.147.684	75.377	1.072.307
Innfl. og ísl. greinar	154.905	116.162	38.743
Annað	12.360	14.681	-2.321
<b>Alls</b>	<b>1.314.949</b>	<b>206.220</b>	<b>1.108.729</b>

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1 Fræplöntur.

Fræsáning fór fram 15. - 18. júní. í dúkhúsin tvö var sáð í beð, alls 225 m<sup>2</sup>, en um mánaðarmót júní/júlí var sáð í Akureyrarbakka 35 gata, alls 2.062 bakka, í eitt af stóru húsunum. Í beð var sáð birki, bergfuru, fjallapín, hvítgreni, rússalerki og stafafuru. Í bakka var sáð birki, rússalerki og stafafuru. Sáning og spírun var góð, en plöntur í bökkum voru smáar í haust vegna þess hve seint var sáð. Birki sem sáð var í beð, var tekið upp í haust og verður dreifsett og sett í móbönd vorið 1989. Engin haustsáning var nema lítilsháttar af runnum og úlfareynir.

6.2 Dreifsetning.

Dreifsetning fór fram í júní. Dreifsettar voru 136.493 plöntur, vafðar í móbönd 47.990 plöntur og stungið 87.098 græðlingum. Dreifsetning tókst þokkalega, nema bergfura, sem virðist hafa að mestu misfarist, eins og 1987. Líklega þolir hún ekki að vera í frysti.

Græðlingar voru nokkuð misjafnir, þá helst í Laugabrekku. Líklega vegna þess, hve græðlingar voru orðnir gamlir og líka vegna mikilla þurrka.

6.3 Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 3.526.156. Garðplöntusala gekk vel í báðum stöðvum. Sendar voru plöntur í Laugabrekku frá Vöglum eins og 1987. Farið var í söluferðir á Húsavík, Dalvík, Ólafsfjörð, Siglufjörð, Blönduós og Hvammstanga. Stungið var 11.197 sumargræðlingum og pottaðar 4.251 plöntur. Seldar og afhentar voru 43.919 garðplöntur og til sölu eru áætlaðar 65.359 plöntur 1989.

6.4 Afhending skógarplanta.

Afhentar voru 141.015 plöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	kr. 2.003.556
Millif. og styrkir	" 896.000
Afhentar skógarplöntur	<u>1.535.760</u>
<b>Alls</b>	<b>kr. 4.435.316</b>

6.5 Illgresiseyðing.

Illgresiseyðing var svipuð og undanfarin ár. Notað var lyfið Gesatop á dreifsettar plöntur af greni og furu, og lyfið Rondup á illgresi í götum og opnum svæðum. Þá var mikil vinna við handhreinsun bæði í Laugabrekku og á Vöglum.

#### 6.6 Nýframkvæmdir.

Ekki var mikið um nýframkvæmdir þetta ár. Þó var keypt vökvunar-  
bóma frá Noregi, en hún er ætluð til notkunar úti við bakka-  
ræktunina. Tekið var rafmagn inn í húsið í Laugabrekkustöðinni og  
breytir það miklu þar. Lagður var vegur um reitina í Laugabrekku  
og borið í hann.

#### 6.8 Kostnaður.

##### Laugabrekka

	<u>Kr.</u>	<u>Vinnustundir</u>
Gróðrarstöð almennt	1.081.211	2.678
" skógarplöntur	151.912	531
" garðplöntur	<u>164.260</u>	<u>540</u>
Alls	1.397.383	3.749

##### Vaglin

Gróðrarstöð almennt	344.493	583
Sáning	97.020	326
Dreifsetning	298.320	911
Uppt., meðf., afgr.skógpl.	405.360	1.223
Móbandsplöntur	164.085	513
Fjölpottaplöntur	177.985	598
Stiklingar, útiræktun	197.931	672
Garðplöntur, beðplöntur	215.660	658
" pottaplöntur	785.657	2.418
Sala garðplantna	247.068	543
Fridagsvaktir	36.336	49
Vetrarumbúnaður	45.537	110
Ræktunarbúnaður	<u>94.012</u>	<u>240</u>
Alls	3.109.464	8.844

Samtals Laugabr. og Vöglum      4.506.847      12.593



Z. GRÖÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Eiðldi
Felleskógur	Fjallabín.		Skagway		<u>480</u>
Reykjahóll	Blágreni	2/3	Savanna Cr.	C-112	220
"	Mýrarlerki	2/3	Fairbanks	C-082	760
"	Síb.lerki	1/1	Sönsterud	C-185	4.585
"	Ilmreynir				38
"	Viðja				160
"	Selja				15
"	Alaskaviðir		grann		180
"	Alaskaösp				<u>15</u>
					<u>5.973</u>
Sigríðast.sk.	Rauðgreni	2/2	Rana	C-125	4.050
"	Stafafura	2/2	Bennet Lake	C-076	<u>140</u>
					<u>4.190</u>
Skuggabjörg	Síb.lerki	2/0	Sönsterud	C-188	17.290
"	Mýrarlerki	2/3	Fairbanks	C-082	<u>500</u>
					<u>17.790</u>
Viðivellir	Rússalerki	1/1	Imatra	C-165	<u>2.250</u>
Vaglin Pelam.	Blágreni	2/3	Savanna Cr.	C-112	850
"	Blágreni	2/3	Bow Pass	C-114	2.900
"	Rússalerki	1/1	Imatra	C-165	6.022
"	Mýrarlerki	2/3	Fairbanks	C-082	1.000
"	Rauðgreni	2/3	Rana	C-125	<u>2.090</u>
					<u>12.862</u>
Vaglaskógur	Blágreni	2/3	Bow Pass	C-114	700
"	Mýrarlerki	2/3	Fairbanks	C-082	615
"	Lindifura	2/5	Altai	C-034	1.520
"	Birki	2/2	Mörk Hall	C-076	500
"	Birki	1/3	Hrafnsgr.	C-077	1.000
"	Birki	2/2	Vaglin	C-096	500
"	Rússalerki	2/0	Öst.	C-177	<u>2.240</u>
					<u>7.075</u>
			<u>Alls</u>		<u>50.620</u>

Gróðursetning hófst ekki fyrr en 28. júní og var unnið við hana fram til 29. júlí með hléum. Síðan hófst gróðursetning aftur 22. ágúst og til 2. september. Gróðursetning tók þettað langan tíma vegna manneklu.

Laun og launatengd gjöld vegna gróðursetningar voru kr. 276.469.- 788 vinnustundir. Þess skal getið að laun við gróðursetningu í Reykjarhól er ekki með í þessum tölum.

### 8. HIRÐING PLANTNA.

Ekki vannst tími til að vinna mikið við hirðingu plantna þetta ár. Þó var unnið við grisjun í Fellekkógi svipað og verið hefur undanfarin ár og vann það verk Friðgeir Jónsson. Þá var grisjað frá plöntum í tveimur stikkjum í Vaglaskógi og nokkuð var grisjað í Reykjarhóli, aðallega stafafuru og fyrir stíg gegnum skóginn. Reituninn í Haukagili var allur grisjaður í byrjun maí.

Kostnaður við hvert skóglendi var þannig:

í Fellekkógi var grisjað mest frá fjallapin og hann klipptur til. Kostnaður var kr. 109.516, vinnustundir 240.

í Vaglaskógi var grisjað frá rauðgreni og fjallapin. Kostnaður var kr. 49.421, vinnustundir 138.

í Reykjarhóli var kostnaður kr. 46.408, vinnustundir 160.

í Haukagili var kostnaður kr. 29.779, vinnustundir 90.

### 9. BYGGINGAR.

Engar nýbyggingar voru í umdæminu árið 1988, en unnið var lítilsháttar við endurbætur og viðhald húsa og þá helst við skógarvarðarbústaðinn Vöglum II og við gömlu fjárhúsin Vöglum I. Í skógarvarðarbústaðnum Vöglum II var skipt um innréttingu í eldhúsi og það málað, ennfremur var málað þakið, en það var töluvert verk, því sandblása varð það og grunna fyrir málningu. Þá var lagfært rafmagn í húsinu.

Við þakið á fjárhúsinu Vöglum I varð líka töluvert vinna og kostnaður, þar sem það skemmdist nokkuð í roki í byrjun ársins. Skipta þurfti um stoðir til að rétta þakið af, því það var mikið sigið og setja þurfti á það nýtt þakjárn. Er þetta nú orðið nokkuð góð geymsla, en nokkuð vantar þó enn á hægt sé að nýta hana sem skildi. Það þarf að setja nýjar hurðir og lagfæra gólf. Lítilsháttar var unnið við málningu á Furuvöllum.

Lagt var rafmagn í húsið í Laugabrekkustöðinni eins og áður var greint frá.

### 10. VÉLAR OG VERKFERI.

Viðhald véla og verkfæra var í lágmarki og aðeins gert við það sem aflaga fór eða sjáanlegt var að þyrfti að gera.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRDUM.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Eiðdi</u>
Breiðamýri	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	C-185	2.500
"	Stafafura	2/2	Bennet Lake	C-076	800
"	Stafafura	2/3	Bennet Lake	C-076	<u>2.000</u>
					<u>5.300</u>
Jódísarstaðir	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	C-185	1.500
"	Stafafura	2/2	Bennet Lake	C-076	<u>3.000</u>
					<u>4.500</u>
Laugafell	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	C-185	1.500
"	Rauðgreni	2/3	Rana	C-125	500
"	Stafafura	2/3	Bennet Lake	C-076	<u>1.000</u>
					<u>3.000</u>
Narfastaðir	Rússalerki	1/1	Imatra	C-165	550
"	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	C-185	450
"	Rauðgreni	2/3	Rana	C-125	2.000
"	Stafafura	2/3	Bennet Lake	C-076	<u>500</u>
					<u>3.500</u>
Laugaból	Sib.lerki	1/1	Sönsterud	C-185	1.500
"	Rauðgreni	2/3	Rana	C-125	200
"	Stafafura	2/3	Bennet Lake	C-076	<u>1.500</u>
					<u>3.200</u>
Breiðanes	Rauðgreni	2/3	Rana	C-125	300
"	Stafafura	2/3	Bennet Lake	C-076	<u>200</u>
					<u>500</u>
			<u>Alls</u>		<u>20.000</u>

Gróðursetning fór fram í júní og fyrstu dagana í júlí. Verðmæti plantna kr. 585.000.

Bændur fengu plöntur endurgjaldslaust og sáu um gróðursetningu sjálfir. Framkvæmdir við nytjaskógrækt í Eyjafirði er í höndum Skógræktarfélagss Eyfirðinga.

## 12. Y M I S L E G T.

### 12.1 Ferðalög og fundarhöld.

Ferðalög og fundarhöld voru þessi helst árið 1988:

25/2 Sat stjórnarfund hjá Skf. S-Ping., sem haldinn var í Víðihlíð í Mývatnssveit.

7/3 - 10/3 Sat starfsmannafund Skógræktar ríkisins, sem haldinn var í Borgartúni 6, Reykjavík.

29/4 Fundur í nytjaskóganefnd Eyjafjarðar.

2/5 - 5/5 Fór með þremur starfsmönnum á Vöglum í grísjunarferð í Reykjarhól í Skagafirði og Haukagil í Vatnsdal.

14/5 Fór á fræðslufund hjá Skf. Skagfirðinga, sem haldinn var á Sauðárkróki. Talaði þar um skógrækt og garðrækt og sýndi myndir.

18/5 Fór á aðalfund Skf. Eyfirðinga, sem haldinn var á Akureyri.

25/5 Fór með Jóni Sigurðssyni, ráðunaut á Blönduósi, um Vatnsdal vegna athugunar á fyrirhuguðum skjólbeltum.

4/6 Fór á fund í Ásbyrgi, vegna uppgjörs á sameiginlegri vatnsveitu þar.

15/6 - 16/6 Fór með Snorra Sigurðssyni um Eyjafjörð og Fnjóskadal vegna plöntunar o.fl. Sáttum síðan fund í nytjaskóganefnd Eyjafjarðar, þar sem skógarvörðurinn á Norðurlandi tók við sæti skógræktarstjóra sem formaður nefndarinnar.

14/7 Sat aðalfund Skf. S-Pingeyinga, sem haldinn var í samkomuhúsinu á Breiðumýri í Reykjadal.

25/7 - 28/7 Sat aðalfund Skf. Íslands, sem haldinn var í Reykholti, Borgarfirði.

8/9 - 9/9 Fór með Sigurði Blöndal, Snorra Sigurðssyni og Þóróddi Jónssyni frá náttúruverndarráði í Ásbyrgi, til að gera tillögur um samstarf Skógræktar ríkisins og náttúruverndarráðs á staðnum.

18/9 Fór með Snorra Sigurðssyni og Rúnari Jónssyni frá Vegagerð ríkisins til að meta trjágróður, sem þurfti að víkja vegna breytingar á vegastaði.

23/9 - 24/9 Sat ráðstefnu um umhverfisvernd, sem haldin var á Hótel K.E.A.

9/10 Sat stjórnarfund hjá Skf. S-Pingeyinga, sem haldinn var í skógarhúsi í Stafneskógi í Reykjadal.

26/10 Fór með Þórarni Benediktz í Skuggabjargarskóg, Þórðarstaðaskóg og Vaglaskóg, til að skoða ýmsar tilraunir.

28/10 Fór á fund um skógræktarmál í Eyjafirði í Kjarna með landbúnaðarráðherra, Steingrímí Sigfússyni, nytjaskóganefnd Eyjafjarðar og stjórn Skf. Eyjafjarðar.

29/11 Fór á fund yfirstjórnar Skógræktar ríkisins með forstöðumönnum deilda, um drög að fjárhagsáætlun 1989.

Þetta er það helsta í sambandi við ferðalög og fundarhöld.

#### 12.2 Ferðafólk

Ferðafólk var nokkuð margt í Vaglaskógi þetta ár, og var aðsókn nokkuð jöfn allt sumarið. Gistinætur voru skráðar í júní 2.311, í júlí 4.916 og ágúst 2.756, samkvæmt skýrslu sem send var Hagstofu Íslands.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 584.645.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 246.087, vinnustundir 588 og annar kostnaður kr. 78.059.

Mjög brýnt er að lagfæra aðstöðu fyrir ferðafólk í Vaglaskógi, eins og tekið var fram í ársskýrslu 1987. Ekki þætti nema eðlilegt, að sá gróði sem kemur af útivistarsvæði, væri varið til endurbóta á því ár hvert. Mismunur gjalda og tekna árið 1988 var kr. 260.499.

Fyrirhugað er að fá landslagsarkitekt til að gera tillögur að endurbótum sem fyrst.

#### 12.4 Annað.

Keypt var tölva af Cordata gerð til notkunar við bókhald, áætlanagerð og stjórnun í umdæminu. Notað er svokallað AXEL kerfi.

Vöglum, 5. apríl 1989